

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðin að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 17. TBL.

23. JANÚAR 2009

Mikið að gera hjá PMT-FORELDRAFÆRNI í vikunni

Í vikunni lauk 17 manna hópur PMT-grunnnámi sem haldið hefur verið árlega síðustu ár á vegum PMT-FORELDRAFÆRNI. Þetta er 60 klst. nám og er ætlað fagfólki í leik- og grunnskólum til að nota verkfæri PMT í vinnu með börnum sem sýna hegðunarvanda. Námið hófst í haust og lauk í vikunni með útskrift á Skólaskrifstofunni. Flestir

sem luku náminu eru starfsmenn í leik- og grunnskólum bæjarins.

Í gær var stór fundur hjá SMT-teyllum grunnskólanna sem haldinn var í Lækjarskóla. Þar hittust kennarar og stjórnendur til að ráða ráðum sínum og efla samstarf sitt.

PMT-FORELDRAFÆRNI er sjálfstæð þjónustueining á fræðsluviði Hafnarfjarðar. Auk grunnenntunarnáms eru

námskeið og meðferðarúr-ræði í boði fyrir foreldra og sérstök meðferðarmenntun fyrir þá sem vilja gerast sérfræðingar í PMT-meðferð. Einn hópur er í meðferðarmenntun í vetur og námskeið hafa verið haldin fyrir foreldra. Það er mikil gróska í menntunarmálum PMT.

Útskriftarhópur grunnenntun-
unar við útskriftina í vikunni



Mannréttindafræðsla í skólum

Menntamálaráðuneytið var að gefa út skýrslu um mannréttindafræðslu í grunn- og framhaldsskólum. Skýrslan skiptist í nokkra þætti. Það er fjallað um hlutverk mannréttindafræðslu í skólastarfi, um kannanir á mannréttindafræðslu í framhaldsskólum árið 2005 og árið 2008 í grunnskólum. Þá er gerð tilraun til að skýra inntak í mannréttindafræðslu sem viðfangsefni í skólastarfi og þá helst sem hluti af námi í lífsleikni.

Skýrslan er ekki mjög ítarleg lýsing eða nákvæm í því hvernig standa eigi að



kennslu í mannréttindafræðslu. Frekar eru gefnar einfaldar meginlínur sem skólum er ætlað að útfæra. Sömuleiðis eru kynntar hugmyndir um að mannréttindafræðslan eigi að tengjast innra mati skóla og ytra mati menntamálaráðuneytis. Skýrslan er gefin út á pdf-sniði. Hana er hægt að nálgast á vef menntamálaráðuneytisins. Sjá nánar vefslóð hér neðar.

VERKEFNISVEFSLÓÐ: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Forsidugreinar/nr/4786>



Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- » Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar í Hafnarfirði og Álftanesi verður haldin í listasafni Hafnarfjarðar, Hafnarborg þann 17. mars kl. 17.
- » Munið skilafrestinn á sögum í smásagnasamkeppni 8.-10. bekkinga sem lýkur þann 2. febrúar nk. Hver skóli skilar 3-5 sögum til Skólaskrifstofu. Úrslit verða kynnt á lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar í vor.
- » Minnum einnig á að skilafrestur í samkeppni um mynd á boðskort fyrir lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar er til mánaðamóta. 6. bekkingar hafa rétt til þátttöku í keppinni.
- » Nýtt frá Námsgagnastofnun: Verkefnablöð til útprentunar með **Sprota I** voru að koma út

og er fyrsta bókin í flokki kennslubóka í stærðfræði fyrir yngsta og miðstig grunnskóla. Lausnir á verkefnum eru aftast í skjalinu. Í **Sprota** er lögð áhersla á margs konar kennsluáferðir og misþung verkefni. Ný og endurbætt útgáfa af fjórum bókum í seríunni **Samvera** er komin út. Í bókunum er fjallað um samskipti nemenda í ólíkum aðstæðum og hentar vel í lífsleikniskennslu. **Fróðleikur** er nýtt námsspil sem reynir á þekkingu nemenda í ýmsum námsgreinum. Fjórtaða bókin í kennslubókaflokknum **Komdu og skoðaðu...** fyrir yngsta stig var að koma út. Hún nefnist **Komdu og skoðaðu landakort**.

Börn í heilsdagsskóla Lækjarskóla fá sér síðdegishressingu.



Brennarar, ripparar og spilarar

Hugbúnaðarkynning vikunnar fjallar um rippara, brennara og spilara.

Ripparar er hugbúnaður sem getur yfirfært tónlistar- og myndefni á einu sniði yfir á annað. Þannig er hægt að flytja tónlist af diskum inn í tölvur og velja þeim snið. Algengast sniðið er mp3 en það er heppilegt sökum þess hve lítið stafrænt pláss það tekur án þess að tapa miklum hljómgæðum. Dæmi um rippara eru [Windows Media player](#), [CDex](#), [Blaze Media Pro](#), [Jet Audio Basic](#) o.fl. Hugbúnaður sem er rippari

hefur gjarnan víðtækari hlutverk, t.d. getur hann oft einnig verið tónlistarspilarari. Þannig er Windows Media Player þekktari sem tónlistarspilarari í tölvum en rippari.

Brennarar er hugbúnaður sem flytur efni af tölvum inn á geisladiska, DVD diska og nú Blue Ray diska; eða fjölfaldar slíka diska. Dæmi um fría brennara eru [Burn4free](#), [CDBurnerXP](#) og hugbúnaður áður nefndur eins CDex og Jet Audio Basic.

Nátengt rippurum og brennum eru loks tónlistarspilarar, þ.e. hugbúnaður

VEFSLÓÐ: <http://www.skolathroun.is/?pageid=48>

Vefsetur bandarískra menntayfirvalda

Það er kominn nýr forseti í Bandaríkjunum og í tilefni þess er bent á vef bandarískra menntayfirvalda. Á vef þeirra er að finna margvíslegt efni fyrir kennara í USA en sjálfsgætt er hægt að fá hugmyndir úr því efni sem

getur nýst íslenskum kennurum. Á vefnum er að auki margvíslegt vefefni, fræðsluefni í formi kvikmynda, hreyfimynda, ljósmynda og teikninga sem nýtist í margvíslegum námsgreinum í skólalastarfi. Það þarf að leita

VEFSLÓÐ: <http://www.ed.gov/index.jhtml>



Fríhugbúnaður

sem gerir fært að lesa og spila tónlist og kvikmyndir sem er skrifað (brennt) á diska eða rippað í tölvur af diskum.

Allan hugbúnað sem hér er kynntur er hægt að nálgast í gegnum krækjur á vef **Samtaka áhugafólks um skólaþróun** (sjá vefslóð hér neðar). Sömuleiðis þiggur ritstjóri meiri upplýsingar um frían hugbúnað eða vefþjónustur sem rippa, brenna og spila tónlist eða kvikmyndir í tölvum. Gildir það sérstaklega um hugbúnað sem lesendur hafa notað og haft góða reynslu af.

Vefhornið

vel til að finna efni sem hentar hverjum kennara og kennslu hans. Efnið fyrir kennara og skólalastar er vel flokkað og aðgengilegt. Frá forsiðu vefjarins er farið í efnið frá hnappnum TEACHING RESOURCES.

Tilkynning vikunnar

Verið er að leggja síðustu hönd á námskeiðsbækling vorannar. Hann verður sendur til kennara í tölvu-pósti, væntanlega síðar í dag. Skráning hefst um leið og bæklingurinn berst til kennara.

Næsta blað **Skólavefritsins** er væntanlegt föstudaginn 30. janúar 2009

ED.gov

U. S. Department of Education
Promoting educational excellence for all Americans